

3. Umferð um Suðurströnd nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Miðbraut, Bakka-
vör og Skálavör.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. nóvember 1973.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 25. október 1973.

Einar Ingimundarson.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Útgerðarfélagið JÚNÍ, sveitarfélagsrekstur
með takmarkaðri ábyrgð.

I.

Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.

Nafn félagsins er: Útgerðarfélagið JÚNÍ, sveitarfélagsrekstur með takmarkaðri
ábyrgð. Skammstafað: Útgerðarfélagið JÚNÍ STÁ.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins er Hafnarfjörður.

3. gr.

Tilgangur félagsins er útgerðarrekstur.

II.

Ábyrgð og stofnfé.

4. gr.

Félagið er einkaeign Hafnarfjarðarkaupstaðar og er stofnað og rekið með tak-
markaðri ábyrgð, samkv. lögum nr. 24 20. maí 1972 um heimild sveitarfélaga til
stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

5. gr.

Stofnfé félagsins er kr. 50 000 000.00 — fimmtíu milljónir króna — stofnframlag
Hafnarfjarðarkaupstaðar.

6. gr.

Ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar á skuldbindingum félagsins er takmörkuð
við stofnfé þess, og önnur framlög og ábyrgðir, sem bæjarsjóður kann síðar að
veita.

III.

Stjórn félagsins.

7. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra
takmarka, sem samþykktir þessar setja.

8. gr.

Útgerðarráð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, kosið af bæjarstjórn, myndar stjórn félagsins og hefur á hendi allar framkvæmdir, er heyra til rekstri þess og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum.

9. gr.

Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið, eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið félagið og eignir þess, þ. á m. veðsett þær með ályktunum sínum og samningum.

Þó er félagsstjórn óheimilt að kaupa skip og fasteignir eða selja slíkar eignir, nema með sérstöku samþykki bæjarstjórnar.

Samþykki bæjarstjórnar þarf og til lántöku vegna stofnkostnaðar.

10. gr.

Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en honum er auk þess skylt að boða til stjórnarfundar, ef tveir stjórnarmenn eða endurskoðandi félagsins krefjast þess.

Stjórnin skal bóka í sérstaka gerðabók stutta skýrslu um það, sem fram fer á fundum hennar um málefni félagsins, og staðfestist hún með undirskrift stjórnenda.

11. gr.

Undirskrift þriggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að þrír stjórnarmenn séu mættir og samþykki þriggja stjórnarmanna minnst þarf til þess að ályktun sé lögmæt.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og veitir honum prókúruumbod. Framkvæmdastjóri hefur með höndum daglegan rekstur og stjórn félagsins og kemur fram fyrir þess hönd, að venjulegum hætti.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að nákvæmt bókhald sé haldið um tekjur og gjöld félagsins með þeim hætti, sem stjórn þess ákveður.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og vikur þeim frá störfum.

Félagsstjórnin hefur heimild til þess að vikja framkvæmdastjóra úr starfi.

IV.

Reikningshald, endurskoðun o. fl.

13. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn félagsins semur á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld þess, svo og efnahagsreikning.

14. gr.

Tveir endurskoðendur, sem kosnir eru af bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir það ár og alla reikningsfærslu, svo og gerðir stjórnarinnar, eftir því sem þeim finnst ástæða til. Endurskoðendur hafa hvenær sem er aðgang að bókum félagsins til eftirlits.

Endurskoðendur má ekki kjósa úr stjórn félagsins eða bæjarstjórn.

15. gr.

Í síðasta lagi fyrir lok maimánaðar skal stjórn félagsins hafa lokið samningi reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu hafa

endursent hann formanni stjórnar og forseta bæjarstjórnar með athugasemdum sínum eigi síðar en 1. júlí.

16. gr.

Hreinum arði eftir ársreikningum, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem stjórnin ákveður til fyrningar af bókuðu eignarverði félagsins, skal ráðstafa þannig:

- a. Bæjarstjórn ákveður, hversu mikið skuli leggja í endurnýjunar- og varasjóð og aðra þá sjóði, sem stofnaðir kunna að verða.
- b. Bæjarstjórn ákveður, hvort greiða skuli arð af framlögðu stofnfé.
- c. Það, sem eftir verður, skal yfirfært til næsta árs.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir bæjarstjórn tillögur um skiptingu ársarðs.

V.

Tilkynningar til firmaskrár, breytingar á samþykktum. Félagsslit.

17. gr.

Stjórn félagsins tilkynnir um stofnun þess til firmaskrár, svo og breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

18. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur sett samþykkt þessa og getur breytt henni. Leita skal staðfestingar félagsmálaráðherra á breytingum, áður en þær eru tilkynntar til firmaskrár, með sama hætti og leitað er staðfestingar ráðherra á samþykktum félagsins í heild, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, ef ráðlegt eða nauðsynlegt þykir, að slíta félaginu. Til félagsslita þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hluta bæjarstjórnarfulltrúa.

Nú samþykkir bæjarstjórn að slíta félaginu og skal hún þá kveða á um, hvornig skuli ráðstafa eignum þess og greiðslu skulda. Bæjarstjórn ákveður, hvort skiptarétturinn skuli taka húið til skiptameðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til þess að sjá um skiptin.

Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grindavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur ein heimild til að leggja holræsi í Grindavík, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.